

## Stjórnarfundur FASK

10 fundur. 8. Mars 2021 kl 11:00

**Mættir: Haukur Ingi Einarsson, Matthildur Unnur Þorsteinsdóttir ( vék af fundi kl 12:00 ), Bergþóra Ágústsdóttir, Ágúst Elvarsson, Laufey Guðmundsdóttir.**

1. **Vakinn - Íshellanámsskeið / Leiðir til að draga úr kostnaði við úttekt / Leiðir til að einfalda úttekt fyrir fyrirtæki með margþætta starfsemi / skoða útbúa sér gæðakerfis fyrir starfsemi innan Þjóðgarðsins.**

Laufey gerði grein við skoðun á alþjóða fyrirtækinu Earthcheck og að beðið er eftir svörum frá því fyrirtæki um gæðakerfi og úttekt á því. Umræður sköpuðust um að útbúa lista yfir þá þætti sem stjórn FASK telur að þurfi að breyta og aðlaga að þörfum fyrirtækja í rekstri. Laufey falið að halda utan um þessa vinnu f.h FASK, leita upplýsinga frá félagsmönnum og kynna síðar fyrir VJP. Stjórn FASK óskar eftir upplýsingum um hvaða sambærilegu fyrirtæki VAKANS komi til greina sem grunnur að gæðakerfi fyrir fyrirtæki sem starfa við mismunandi starfsemi innan VJP. Formanni falið að afla upplýsinga um málið.

2. **Úthlutunarreglur VJP fyrir atvinnuleyfum - Áherslur**

Tillaga frá Sigrúnu um að yfirfara áherslur stjórnar um úthlutunarreglur fyrir atvinnuleyfum. Málinu frestað til næsta fundar.

3. **Senda út reikninga fyrir núverandi starfsár, hugmyndir að því að styrkja félagið með fl. Félagsmönnum.**

Rætt var um að senda út reikninga og stofna kröfu á þá aðila sem eru með skráða starfsemi í SVH. Krafan verði valkvæð og renni út 15. Maí. Bergþóru og Hauki falið að kynna málið áður en krafan verður stofnuð.

4. **Upplýsingar frá starfi Markaðsstofu Suðurlands og Svæðisráðs VJP**

Ágúst gerði grein fyrir helstu störfum MSS.

Laufey gerði grein fyrir helstu störfum Svæðisráðs VJP

5. **Ósk um nýja fulltrúa ( bæði varamann og aðalmann ) inn í stjórn VJP - MSS**

Rætt var um skipan áheyrnafulltrúa og varamanns í stjórn VJP, fram kom að núverandi áheyrnafulltrúi og varamaður hafa boðist lausnar á störfum sínum fyrir VJP og því þurfi að skipa nýja fulltrúa. Samkvæmt lögum um VJP kemur fram að áheyrnafulltrúi skuli skipaður sameiginlega af ferðamálasamtökum. Rætt var um hlutverk áheyrnafulltrúa og mikilvægi þess að sá fulltrúi sé vel inni í málum þar sem stærsti hluti af starfsemi VJP fari fram. FASK leggur því til að Ágúst Elvarsson verði

skipaður aðalmaður og til vara verði Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri Markaðsstofu Norðurlands. Rætt var um mikilvægi þess að boða til upplýsingafunda á skipunartíma og að aðal og vara maður hafi tíð og upplýst samskipti. Hauki falið að ræða við Dagnýju hjá MSS um umræður sem sköpuðust á fundinum.

## 6. Umsögn um nýtt svæði innan þjóðgarðsins - Viðauki við stjórnunar- og verndaráætlun um Breiðamerkursand

Rætt var um mikilvægi þess að áður en til afgreiðslu á viðauka vegna stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir Breiðamerkursandi komi til, verði tryggt að öruggar samgöngur, fjarskipti og raforka verð fundin staður í viðaukanum og samráð haft við hlutaðeigandi aðila svo sem Vegagerðina, Landsnets, Rarik og fjarskipta aðila.

Því vill FASK koma eftirfarandi ábendingum á framfæri til VJÞ.

Stjórn FASK vill benda á að við vinnu við gerð viðauka við stjórnunar- og verndaráætlunar um Breiðamerkursand verði tekið tillit til þeirra miklu kraftar sem eiga sér stað við Jökulsárlón og hvaða áhrif slíkir kraftar geta haft áhrif á grunnstoðir samfélagsins, svo sem vegasamgöngur, raforkuflutningskerfi og fjarskiptakerfi. Þessir kraftar geta breytt landslagi á augabragði og því er mikilvægt viðaukinn taki mið af því og að hægt verði að bregðast hratt við ef mikilvægum mannvirkjum og stoðkerfum verði ógnað. Í því ljósi verði vinna við viðaukann ekki tekin til endanlegrar afgreiðslu fyrr en þessum málum verði tryggður öruggur farvegur.

Formanni falið að senda bókunina á VJÞ.

## 7. Upplýsingamiðstöð

Málinu frestað til næsta fundar. Laufey falið að spyrjast fyrir um málið á næsta fundi svæðisráðsins.

## 8. Önnur mál

Bergþóra spurði hvort búið væri að koma á reglulegum fundum með SVH og RV og hver staðan væri á samkeppni um að taka ógleymanlega mynd á Höfn.

Haukur gerði grein fyrir stöðu mála og honum falið að fylgja því eftir.

Bergþóra kynnti skjal um opnunartíma fyrirtækja og þjónustuaðila í SVH sem gæti verið opið fyrir alla aðila í SVH. Bergþóru og Hauki falið kynna málið fyrir RV og kynna svo til fyrirtækja.

Ágúst óskaði eftir því að fá fundargerðir FASK til að setja inn á heimasíðu félagsins.

Haukur gerði grein fyrir því að SVH hafi veitt FASK styrk að upphæð 200.000.- kr til að halda áfram að þróa vörumerki fyrir heimaaðila með áherslum á Heimasmarkmið Sameinuðu Þjóðanna og til að halda námskeið á vegum FASK. Stjórn FASK er afar þakklát fyrir stuðninginn og felur formanni að koma þakklæti til skila til SVH.

Fundi slitið: 13:30